

Ár 2007, fimmtudaginn 6. desember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns Blindrabókasafns Íslands

I.

Samkvæmt lögum um kjararáð nr. 47/2006 er verkefni kjararáðs meðal annars að ákveða laun og starfskjör ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögunum er ekki kveðið nánar á um hverjir það eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör nái.

Kjararáð úrskurðaði hinn 10. október 2007 að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns Blindrabókasafns Íslands.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 24. ágúst 2007 frá forstöðumanni Blindrabókasafns Íslands. Í bréfinu er farið fram á að kjararáð endurskoði launakjör forstöðumannsins þannig að yfirvinnutímum fjölgi og að honum verði ákveðinn fastur mánaðarlegur bílastyrkur. Í bréfinu kemur einnig fram að forstöðumaðurinn hafi tekið við starfinu 1. júlí 2007. Með bréfum dagsettum 10. október 2007 var menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna erindis forstöðumannsins. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 18. október 2007. Í bréfinu kom ekki fram afstaða til málsins. Svar barst ekki frá menntamálaráðuneytinu.

III.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Með úrskurði kjararáðs frá 14. júní 2007 var samsetningu heildarlauna þeirra sem heyra undir úrskurðarvald ráðsins breytt þannig að mánaðarlaun hækkðu og yfirvinnueiningum fækkaði. Er það í samræmi við þá almennu stefnu að draga úr vægi yfirvinnulauna í heildarlaunum. Hafa fulltrúar Félags forstöðumanna ríkisstofnana meðal annars lýst þeirri skoðun við kjararáð og forvera þess, kjaranefnd. Hjá flestum var um að ræða hækkun mánaðarlauna um þrjá launaflokka og fækkun eininga um sjö. Þessi breyting gildi einnig um forstöðumann Blindrabókasafns Íslands. Með vísan til þessara breytinga og fyrrnefndrar stefnu er það skoðun kjararáðs að ekki sé tilefni til fjölgunar yfirvinnueininga forstöðumannsins, enda fá þeir sem kjararáð ákveður laun ekki greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu samkvæmt tímamælingu. Kjararáð hefur hins vegar, af þessu tilefni, endurskoðað laun forstöðumannsins með vísan til innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, sbr. 8. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð.

Kjararáð ákveður ekki hvernig greitt skuli fyrir afnot af bílum starfsmanna í þágu ríkisins, sbr. reglugerð nr. 580/1991 um bifreiðamál ríkisins.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstöðumanns Blindrabókasafns Íslands skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. desember 2007 skulu mánaðarlaun forstöðumanns Blindrabókasafns Íslands vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 128, nú 509.917 krónur.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumannsins gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir